

# Kjartan á Kjarvalsstöðum

Það er ekki á hverjum degi, sem Kjartan Guðjónsson efnir til einkasýningar. Hann kom fyrst fram sem myndlistarmaður líklegast árið 1947, ef ég man rétt, og síðan hefur hann haldið þrjár einkasýningar og þessi, er nú stendur á Kjarvalsstöðum, er því sú fjórða. Hann hefur samt tekið þátt í fjölda sýninga bæði hér og erlendis, en einkasýningar hans eru ekki eins margar og hjá sumum öðrum samtíðarmönnum hans. Þetta er ekkert einsdæmi, sumir vilja helst ekki sýna nema brýna nauðsyn beri til, aðrir sýna endalaust. Það er því mjög persónubundið hvernig menn haga sér í þessum hlutum, en ég held ég megji fullyrða, að fáir hafi verið eins hlédrægir með sín eigin verk og Kjartan af okkar mönnum hér heima. Því er það enn meiri viðburður en annars væri, er Kjartan Guðjónsson efnir til einkasýningar, og það gladdi mig að heyra í fjölmiðlum, að hann ætlaði að sýna úrval af þessari sýningu á Kjarvalsstöðum í Gallerí Háhól á Akureyri. Þar ættu fleiri að sýna og væri það mikil framför, ef menn færu að sinna Akureyri meir en gert hefur verið. En þá verða líka Akureyringar að sýna lit á móti. Engin menning án undirtekta. Lögmál, sem er jafn gamalt mannfólkinu.

Kjartan Guðjónsson er margslunginn listamaður, sem ræður yfir mikilli tækni og notar hana óspart á þessari sýningu. Þarna eru olíumálverk, teikningar og vatnslitamyndir (guass). Sýning hans er því fjölbreytt og sýnir margar bestu hliðar Kjartans. Hann er óstýrilátur í formbyggingu og notar liti á mjög persónulegan hátt. Hann hefur

til að mynda allt annan tón í guassmyndum sínum en í olíumálverkinu. Og enn kemur ný hlið í ljós á Kjartani, er hann teiknar, hvort heldur er með tússi, svartkrít, blýanti eða að hann blandar tækni á sinni persónulega máta. Raunverulega eru teikningar Kjartans kapituli fyrir sig og verður ekki gerð skil í þessum línunum, en ekki kæmi mér á óvart, að sú kæmi tíðin, að hann yrði talinn til

## Myndlist

eftir VALTÝ  
PÉTURSSON

bestu teiknara á þessu landi, og er leitt til þess að vita, að hann hefur ekki verið virkjaður til að gera meira af lýsingum í bækur. Þarna getur að líta myndröð, er hann gerði við Norðurlands- trómet í þýðingu dr. Kristjáns Eldjárns. Þessi eina sería sannar að mínum dómi, hver afburðateiknari Kjartan er, og ef þetta eina verk er borið saman við það sem sést hefur á íslensku bókfelli að undanförunu, verður mér að orði eins og einn lítill vinur minn segir, þegar hann verður aldeilis gáttáður: „Jesús minn, átta stiga frost.“ Þarna eru líka teikningar sem Kjartan hefur gert við Sturlungu, ég fæ ekki séð, að aðrir geri betur. Ég hélt því eitt sinn fram hér í blaðinu, að það ætti

að þjóðnýta Sigurjón Ólafsson við portrettgerð, og ég er ekki frá því, að sama komi mér í hug hvað varðar teiknarann Kjartan Guðjónsson.

Þá er að snúa sér að olíumálverkunum. Það eru 54 olíumálverk á þessari sýningu, og má með réttu segja, að það sé mjög samstæður hópur. Kjartan leggur mikið að sér, og því verða þetta vönduð verk, sem sýna greinilega hin kröfuhörðu vinnubrögð, er hann hefur tamið sér. Það má fylgja vissum þræði í þessum verkum, sem gerir þau þó hvorki eintóna né að endurtekningum. Kjartani tekst að móta litinn svo hnitmiðað, að hvert einasta verk verður að sérstakri heild, ef vel er að gáð, en í fljótu bragði getur maður vel álitnið, að um nokkra endurtekningu sé að ræða. En ég fullyrði, að svo er ekki, eftir að hafa séð þessa sýningu Kjartans oftar en einu sinni. Það mætti ef til vill segja í þessu tilfelli, að það væru dulin brögð í tafla hér og þar, svo hugvitlega er hlutunum komið fyrir í myndfletinum. En það er fyrst og fremst persónuleiki Kjartans, sem spilar á form og liti, og hann er það sérstæður, að ekki verður neinu líkt, sem hér er á ferð í myndlist. Ég nefni nokkur verk, sem sérlega festust í minni mér á þessari stóru sýningu Kjartans. Nr. 9 „Hvítarúnir“, nr. 14 „Hitaskil“, nr. 21 „Frosti“, nr. 41 „Glymur“ og 54 „Dagvarmi“. Allt eru þetta úrvalsverk og mjög ólík að flestu öðru en því, að þau gætu ekki verið eftir nokkurn annan mann en Kjartan Guðjónsson. Þessi yfirlýsing er eitt mesta hól, sem hægt er að gefa myndalistarmanni. Kjartan



verður að hafa það, að ég læt þetta frá mér fara. Það er ýmislegt, sem fylgir því að sýna einkasýningu.

Af guassmyndum Kjartans nefni ég nr. 58, 69, 72. Þarna gæti ég lengi talið, en það er engum til góðs, aðeins til ruglings. En guassmyndirnar eru margar hverjar mjög sérstæðar og gefa sýningunni í heild nokkuð breiðara svið. Það hefur stundum verið kvartað yfir því, að menn sýndu eingöngu olíumálverk á sýningum sínum. Hér er önnur saga á ferð, og sannarlega verður sýning Kjartans meiri fyrir bragðið. Eina nýjung er að finna á þessari sýningu. Hana kallar


Kjartan LJÓSGRAFÍK, þar sem stækkaðar eru teikningar og gert aðeins eitt eintak af hverri mynd. Þetta er skemmtileg nýjung, og koma teikningar Kjartans vel fram í stækkun, en hana framkvæmdi Kristján Magnússon.

Þetta er mikil og völdug sýning hjá Kjartani. Hann ætti að vaxa mikið af þessari sýningu, ekki eingöngu meðal listamanna heldur og meðal almennings. Hér hefur Kjartan Guðjónsson verulega slegið í borðið, og persónulega er ég mjög ánægður yfir því höggi. Það var tími til kominn.


Valtýr Pétursson.



Eggert Stefánsson



Halldór Laxness



Björn Björnsson

glíma við eða horfast í augu við. Grein Árna Pálssonar sýnir, að enda þótt ný dægurmál krefjist úrlausna á hverjum tíma, þá er mannlífið nú ekki svo frábrugðið því, sem áður var, að ástæða sé til að hafa af því sérstakar áhyggjur. Á þeim tímum, þegar grein Árna Pálssonar var skrifuð, var talsverð velmegun í landinu, enda þótt einatt væri atvinnuleysi, en 1925 hafði þó verið svo farsælt og gott ár hér á landi, að erlendir gjaldeyris safnaðist upp í íslenskum bönkum og endaði með því, að þeir sem höfðu forsjá fyrir þjóðinni treystu sér ekki til annars en hækka gengi íslensku krónunnar til samræmis við þróunina á öðrum Norðurlöndum, en afleiðingarnar urðu miklar og ófyrir-

sjáanlegar og lenti gengishækkunin með ægipunga á útflytjendum, sem höfðu keypt útflutningsafurðir á hærri verði en þeir gátu fengið fyrir þær erlendis eftir að gengishækkunin hafði orðið. Það var íhaldsflokkurinn, sem stóð fyrir gengishækkuninni, og hann átti eftir að bita úr nálinni með það.

Nú stöndum við aftur á móti andspænis því, að gengishækkunir eða svokölluð gengisski, eru helzta úrræði stjórnvalda á tímum nánast ólæknandi verðbólgu, sem hvílir á landinu eins og mara og á fyrst og síðast rætur að rekja til stéttabaráttu og stéttaátaka, sem alíð hefur verið á hér á landi frá því fyrrnefnd grein birtist í Verði fyrir rúmri hálfri öld, eins og áður

hefur verið minnt á í Reykjavíkurbreði.

Að öðru leyti gæti grein Árna Pálssonar verið skrifuð í gær, því að stjórnvaldaátökin og dægurbaráttan breytast ekki í edli sínu, heldur koma upp ný viðfangsefni, sem krefjast nýrra úrlausna. En það er í senn merkilegt og athyglisvert, að Árna Pálsson skuli einmitt nota orðið „óþolinmæði“ og talar þá um „óþolinmæði hugsandi manna“, en þetta er einmitt það atríði, sem einkennir okkar stjórnvalabaráttu. Við erum alltof óþolinmóð. Við viljum fá allt á samri stundu. Það gætti óþolinmæði í þorskastríðunum, það hefur gætt óþolinmæði í stjórnvalabaráttunni að öðru leyti. Það, sem við þurfum að að

halda nú eins og 1925, er þolgæði — þolinmæði hugsandi manna, en ekki upphlaup og glittrupiskar, pólitískar æfingar þreklitilla manna, sem ýmist eru í pólitískri andlegri lægð eða uppi á pólitísku háu c-i. Ef við látum þá menn ráða, sem eiga þolgæði og þolinmæði, en hina sigla sinn sjó, þá á íslenska þjóðin jafn örugga framtíð fyrir sér — og kannski öruggari — en nokkru sinni. Við þurfum að glíma við þau verkefni, sem fyrir liggja. Við þurfum að nota það þrek, sem við höfum yfir að ráða, þá reynslu, sem við höfum aflað okkur, og þá munum við ganga með sigur af hólmi, jafnvel af mesta vághestinum nú: verðbólgunni.

## Að gera Ísland hamingjusamt

Eggert Stefánsson var einn þeirra manna, sem ekki þoldi allt á Íslandi. Þegar hann kom einhverju sinni heim, sagði hann við bréfitrara eitthvað á þessa leið: „Nú er ég kominn heim til að gera Ísland hamingjusamt(!)“. Honum þótti ekki vanþörf á því. Hann sagði að materialismi Íslendinga væri orðinn svo yfírgengilegur, að engum dytti einu sinni í hug að gefa honum hús, hvað þá annað(!) Stundum fékk hann andlega slag-síðu, þegar hann hugsaði til föðurlands síns, sem hann elskaði öðrum fremur, eins og kunnugt er, og þá gat hann jafnvel sagt: „Maður fer til London, Parísar og Rómar og rektst aldrei á þorskausa, nema hér á landi“(!) Verst af öllu þótti honum þó, hvað Íslendingar gleypu allt hrátt, sem kom frá Skandinavíu, eins og hann sagði — og þá ekki sízt bókmenntir. Hann sagðist aldrei hafa kynnt Ítala, sem hefði gleypst skandinavískar bókmenntir hráar. Hann sagði, að Íslendingar hefðu vit á öllu, kynnu allt — nema það

sem þeir fengjust við. Þetta minnir dálítið á það, sem Halldór Laxness segir í þeirri óviðjafnanlegu jartegnabók, Innansveitar-kroníku, og gæti verið lýsing á okkar síðustu og verstu tímum — og þá ekki sízt á okkur, sem mest látum til okkar taka í þjóðmálaskrifum, svo að ekki sé nú talað um hjálþarkokkana, sem sjaldnast hlusta á nokkur rök en láta móðan mása í grein eftir grein og hafa í raun og veru engan áhuga á því, hvort nokkur hlustar eða ekki, einungis ef myndin af þeim birtist á réttum stað. En svo segir í Innansveitar-kroníku: „Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vand-ræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlingaskít sem ekki kemur málinu við; en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls. Aftur-ámóti klifa þeir þrítugan hamarinn til að verða við bænarað vina og frænda, enda mundi landsbygð á Íslandi hafa lagst niður fyrir mörgum öldum ef eigi væri svo. Þó er enn ein röksemd sem Íslendingar eru fúsir að hlíta þegar alt um þrítur, en það er fyndni; má vera aulafyndni. Við hlægilega lygisögu mýkist þjóðfélagið og fer að ljóma upp; jarðvegur sálarinnar verður jákvæður. Þannig voru sóknar-menn í mosfellskali óðfúsir að samþykka með orði og eiddastaf annan daginn það mál sem þeim var fjærst skapi, af því sá vinur þeirra sem þeir mátu ofar guði, séra Jóhann, það þá þess...“

Að lokum mættu ýmsir festa sér þessi spakmæli Eggerts Stefánssonar rækilega í minni, en þau eiga ekki síður við nú en þegar þau voru sögð í samtali hér í blaðinu 1957: „Hér á landi er það ekki ógefán, sem er manni hættulegust, heldur gefán...“